

REGLUGERÐ
um (2.) breytingu á reglugerð nr. 124/2015
um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglugerðarinnar:

a) A-liður orðist svo:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/802 frá 11. maí 2016 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis.

b) B-, C- og D-liður falla brott.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/802 frá 11. maí 2016 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis, sem vísað er til í tölul. 21ad í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2018 frá 9. febrúar 2018.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1., 6., 11. og 17. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og v. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. maí 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.